**fá** *so. sb.-7 – falla*
[fékk, fengum, fengið]

– hann fékk góða einkunn

‡ » gefa, rétta; þiggja

**svo, svona** *ao.*

– rúmið var svo stórt að það komst ekki fyrir
– við komum svo á eftir

‡ svá • svolítill « hvernig

**sá** *fn.*
[sú, það; þeir, þær þau]

– sá sem svarar spurningunni rétt hefur unnið

‡ » þessi « einhver

**fyrir** *fs. – þf./þgf.*

– viltu fara út í búð fyrir mig?
– skref fyrir skref

‡ • fyrirgefa, fyrirmynd, fyrirtæki; fyrr, fyrr

**lang·ur** *lo. – gulur Ö*
[löng, -t; lengri, lengstur]

– leiðin er 20 kílómetra löng

‡ langr • endilangur, langt, lengi, lengd; langa « stuttur

**ganga** *so. sb.-7 – falla*
[gekk, gengum, gengið]

– gangið ekki á grasinu!

‡ • ganga (no), gangstétt, gangur, algengur, tilgangur « standa, sitja

**standa** *so. sb.-6 – fara*
[stóð, stóðum, staðið]

– hann stendur í röðinni

‡ • stansa, staddur, viðstaddur; staður, staðfesta, staðreynd; staða, aðstaða/aðstæður, afstaða, niðurstaða

**vita** *so. vb.-ór.*
[vissi, vissum, vitað]

– ég veit hvað þetta er erfitt

‡ • auðvitað, forvitinn, vit, vitlaus, vitneskja, vitni, vitna, vitund

**loft** *hk. – hús*
[-s, -]

– fáum okkur frískt loft!

‡ lopt • andrúmsloft

**borð** *hk. – hús*
[-s, -]

– viltu leggja á borð?

‡ • borð, skrifborð, borðstofa, yfirborð

**búin·n** *lo. – gulur S*
[-, búið; búnir, búnar, -]

– ég er búin með verkefnið

• búa, undirbúa, tilbúinn

**ung·ur** *lo. – gulur*
[-, -t; yngri, yngstur]

– þau eru ung og ástfangin

‡ ungr • unglingur « gamall

**stund** *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– hann verður enga stund

‡ • klukkustund, samstundis, stunda, stundum; tími

**bak** *hk. – hús Ö*
[-s, bök]

– sitjið bein í baki!

‡

**jörð** *kvk. – mynd Ö*
[jarðar, jarðir]

– tunglið snýst í kringum jörðina

‡ jǫrð • jarðarför, jarðvegur

**faðir** *kk. – dóttir*
[föður, feður]

– hann kom með föður sínum

‡ » pabbi « móðir